

Fundur haldinn í fjallskilanefnd Reykhólahrepps þann 21. ágúst 2009 kl. 15:00.

Mættir: Einar Hafliðason, Kristján Þór Ebbenzersson, Tómas Sigurgeirsson, Hafliði Ólafsson, Þráinn Hjálmarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Einar setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Réttarmál (aðhald) við Högnárvötn.

Eigendur Bakkasels eru búnir að gefa leyfi sitt fyrir uppsetningu aðhaldsins við Högnárvötn.

Tilboð hefur borist í grindur, kr. 20.000 pr. grind 3,6 m að lengd miðað við lágmark 10 grindur.

Einar tekur að sér að panta grindurnar og net.

2. Fjallskilaseðill 2009.

Lokið var við gerð fjallskilaseðils og var hann samþykktur.

3. Fjallskilanefnd samþykkir að lengd verði fyrirstöðugirðing við réttina í Króksfjarðarnesi og gert verði girðingarhólf fyrir fé við réttina og óskar eftir fjárframlagi frá sveitarfélaginu í verkið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.25.

Einar Hafliðason (sign)

Kristján Þór Ebbenzersson (sign)

Tómas Sigurgeirsson (sign)

Hafliði Ólafsson (sign)

Þráinn Hjálmarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)